

## Um myrkur sem mæðir og sögur sem græða

Ævintýri eru þjóðsögur sem hafa gengið í munnmælum þjóða og manna á milli um langa hríð, kynslóð fram af kynslóð, og lagað sig að hverju samfélagi fyrir sig, bæði í tíma og rúmi. Að vissu leyti má því segja að ævintýri mótist af samfélagi fólks eða af lífshlaupi þess í samhengi við samfélagið, enda bera þau ávallt svipmót þess umhverfis sem þau eru sögð í hverju sinni. Af þessu leiðir að sköpun þeirra er sameiginleg mörgum og „höfundarverkið“, ef svo má segja, sammannlegt.<sup>1</sup> Þannig er að minnsta kosti hin dæmigerða sýn þjóðsagnafræðinga á tilurð og útbreiðslu ævintýra, en ekki eru þó allir á eitt sáttir um þátt munnmælanna í sköpun þeirra, þótt varðveislan sé vafalaust með þeim hætti sem hér er lýst. Ruth B. Bottigheimer er til að mynda í fararbroddi þeirra fræðimanna sem telja að ævintýri verði mun oftárakin til bókmenntaverka en almennt sé talið, og að mörg þeirra ævintýra sem skilgreind hafa verið sem munnmælaævintýri séu í raun það sem vanalega er nefnt listævintýri eða *Kunstmärchen*, eða af þeim sprottin.<sup>2</sup> En þótt sitt sýnist hverjum um uppruna ævintýra í ljósi ritmennta og munmennta eru margir ævintýrarannsakendur, hvort sem um er að ræða þjóðsagnafræðinga, bókmenntafræðinga, sálfræðinga eða annars konar fræðimenn, sammála um ýmsa grunnþætti í eðli þeirra. Flestir telja til dæmis að vegna varðveislu ævintýra meðal alþýðunnar geti þau búið yfir margs konar þekkingu um mannkynið, og þá bæði um mannlegt eðli og félagslegar aðstæður fólks — og í raun má segja að þær upplýsingar sem ævintýrin hafa að geyma séu

<sup>1</sup> Til dæmis Linda Dégh, *Folktales and Society. Story-telling in a Hungarian Peasant Community*, Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press, 1989, bls. 49–53.

<sup>2</sup> Ruth B. Bottigheimer, *Fairy Tales. A New History*, Albany, NY: Excelsior Editions/State University of New York Press, 2009, bls. 1–2 og 22–24.



„uppsafnaðar“ og orðnar til á löngum tíma. Ævintýrin eru þannig að jafnaði talin endurspegla líf, vonir og drauma þess fólks sem sagði þau og á hlýddi. Í beinu framhaldi af því má álykta sem svo að ævintýri allra þjóða séu samfélags-spegill og vitnisburður um andlega líðan þess hóps sem hélt þeim gangandi. Í eftirfarandi umfjöllun um formgerð og staðbundin einkenni íslenskra ævintýra verður eingöngu tekið mið af ævintýraefni sem skráð var eftir munnlegri geymd og fellur undir þær gerðir ævintýra sem kalla má undra- eða kynjaævintýri, eða númerin AT/ATU 300–749 samkvæmt alþjóðlegum gerðaskrár ævintýra.<sup>3</sup>

### *Ævintýri og formgerð*

Þar sem munnmælaævintýri hafa ekki orðið til í einum grænum, heldur einmitt þessu sísköpunarferli munnlegrar geymdar, hafa þau slípast til yfir í fastmótað form. Bygging þeirra er því kerfisbundin, enda hefjast þau yfirleitt með formúlu á borð við „Einu sinni var ...“ en eftir það kemur frásögnin sjálf sem einkennist af því að í upphafi sögu ríkir jafnvægi sem síðan raskast og á kemst óreiða sem ævintýrahetjan þarf að glíma við og lýkur sögunni ekki fyrr en regla kemst á aftur, og ef menn vilja geta þeir lokið frásögninni með formúlu á borð við „Köttur úti í mýri, setti upp á sig stýri, úti er ævintýri“. Þar sem ævintýrið hefst þannig ávallt í jafnvægi og endar í jafnvægi, mætti í raun líkja byggingu þess við það að taka þráð, binda á hann hnút og leysa hnútinn. Þessi einfalda framvinda ævintýrisins er merkileg að mörgu leyti og samsvarar því sem kallað hefur verið grunnformgerð frásagna.<sup>4</sup>


Grunnformgerð frásagna hefur talsvert verið rannsökuð, og af ýmsum annars ágætum kenningum frásagnarfræðinga verður henni líklega hvað best lýst með hinum svokallaða rökrétta ferhyrningi (sbr. *la structure élémentaire de la signification*), þar sem málvísindamaðurinn Algirdas Greimas hélt því fram upp úr miðri 20. öld að merkingarsköpun mótaðist af andstæðum. Samkvæmt kenningum frásagnarfræðinnar, og þar á meðal ferhyrningi Greimas, hefst frásögn með því sem við getum kallað eðlilegt ástand eða jafnvægi (1, sbr. *status quo* (S)),

<sup>3</sup> Antti Aarne og Stith Thompson, *The Types of the Folktale*, FF Communications 184, Helsinki: Academia Scientiarum Fennica, 1961; Hans-Jörg Uther, *The Types of International Folktales I–III*, FF Communications 284–6, Helsinki: Academia Scientiarum Fennica, 2004.

<sup>4</sup> Sbr. til dæmis þau frásagnarlögmál sem Axel Olrik setti fram og varða upphaf sögunnar (opnun) og endalok, Axel Olrik, „Epic Laws of Folk Narrative“, *The Study of Folklore*, ritstjóri Alan Dundes, Englewood Cliffs, NJ: Prentice-Hall, 1965, bls. 129–141, hér bls. 131–140. Sjá einnig Bengt Holbek, *Interpretation of Fairy Tales*, Helsinki: Academia Scientiarum Fennica, 1987, bls. 323 og áfr.

en eftir það leiðir eitthvað í atburðarásinni, oftast af völdum „skúrksins“ ( $> 2$  ( $\bar{S}$ )) til þess að hið eðlilega ástand varir ekki lengur, og upp kemur staða sem við getum kallað óeðlilegt ástand eða ójafnvægi ( $> 3$  ( $S^1$ )). Þegar hér er komið sögu þarf hetjan að grípa til aðgerða eða athafna ( $> 4$  ( $\bar{S}^1$ )) sem hafa svo í för með sér færslu til baka til upphafsins, hins eðlilega ástands ( $> S$ ). Stöðurnar fjórar fela svo ávallt í sér andstæður eða svonefndar andstæðutvenndir, og þar með þá grundvallarstaðreynd að hetjan þarfnast skúrksins líkt og skúrkurinn þarfnast hetjunnar, því að án andstæðnanna verða engin átök og án átakanna engin saga.<sup>5</sup> Vanalega er lítið svo á að hinn rökrétti ferhyrningur Greimas sé tímamótakenning innan frásagnarfræðinnar.

Ef við lítum á dæmigert íslenskt undraævintýri, AT 556,<sup>6</sup> í ljósi hins rök-rétta ferhyrnings, hefst sagan í jafnvægi, eða *status quo*, með hetjuna heima í föðurgarði. Ekki líður á löngu þar til kona ein eða vættur leggur á hana að yfirgefa heimahagana og ganga á skóg þar sem allar vættir vilja henni dauða ( $\bar{S}$ ), sem leiðir til álagahafta hetjunnar, eða hnútsins sem þarf að leysa ( $S^1$ ). Hetjan sigrast svo á andstæðingum sínum einum af öðrum ( $\bar{S}^1$ ), og breytir stöðunni úr höftum yfir í frelsi, eða *status quo*, á ný ( $S$ ). Formgerðarmynstur ævintýrisins er því [1 heill heimur  $> 2$  skúrkur/illvirki  $> 3$  óreiða  $> 4$  hetjan/hetjudáðir  $> 1$  heill heimur].



<sup>5</sup> A. J. Greimas, *Structural Semantics. An Attempt at a Method*, Lincoln, Nebraska: University of Nebraska Press, 1983. Sjá einnig Algirdas Julien Greimas, *On Meaning. Selected Writings in Semiotic Theory*, Minneapolis: University of Minnesota Press, 1987, bls. 63–83, sbr. Peter Söby Kristensen, *Litteraturteori*, København: Gyldendal, 1976, bls. 90–93.

<sup>6</sup> Ævintýrið er skráð í gerðaskrá Einars Ól. Sveinssonar, *Verzeichnis isländischer Märchenvarianten* sem gerð 556\* V, sjá Einar Ól. Sveinsson *Verzeichnis isländischer Märchenvarianten*, FF Communications 83, Helsinki: Academia Scientarium Fennica, 1929, bls. 75–76; sbr. AT 556A\* í gerðaskrá Aarne og Thompsons, sjá Antti Aarne og Stith Thompson, *The Types of the Folktale*, bls. 201, en ATU 554 skv. gerðaskrá Uthers, sjá Hans-Jörg Uther, *The Types of International Folktales*, bls. 323–325. Stuðst er við tilbrigðið Þorsteinn karlsson og skessurnar tólf sem var skráð eftir Guðríði Eyjólfsdóttur, sjá Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* I–VI, ný útg., útg. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson, Reykjavík: Bókautgáfan Þjóðsaga, 1954–1961, bls. V 149–151.

Sú táknmynd Greimas sem hér er teiknuð upp hefur löngum þótt flókin, að minnsta kosti fyrir þá sem hafa ekki tileinkað sér frásagnarfræðilegar aðferðir, og oftast en ekki hefur hún verið einfölduð niður í þá fjóra ása sem sýna færslurnar án samhengis þeirra við andstæðurnar. Í hinu skerta og einfalda formi er iðulega talað um „fíðrildalíkanið“ í stað hins rökrétta ferhyrnings, enda minnir myndin þá á slaufu eða fíðrildi (  $\bowtie$  ). Þótt lítið hafi farið fyrir kenningu Greimas síðastliðna áratugi, líkt og öðrum eldri kenningum í frásagnarfræði, er hún afar mikilvæg fyrir skilning okkar á uppbyggingu ævintýra, auk þess að koma að góðum notum við greiningu á frásögnum og bókmenntum í víðara samhengi.<sup>7</sup>

Eitt af því sem heyrir til formgerðarinnar, að meira eða minna leyti, er táknmálið, enda mætti auðveldlega segja að ævintýrið sé heimur tákna. Sem átakaþör hafa andstæður ævintýranna þróast yfir í staðlaðar figúrur eða manngerðir. Kóngar og drottningar, prinsar og prinsessur, talandi dýr, nornir og tröll, hetjur, dvergar og annars konar þátttakendur í atburðarás ævintýrisins eru því fyrst og fremst táknmyndir almennra eiginleika og standa fyrir ólíkar hliðar fólks, líkt og Vladimir Propp og aðrir í kjölfar hans hafa bent á.<sup>8</sup> Ævintýrið einkennist svo af átökum þessara manngerða, sem ávallt fylgja hinu fyrirframgefna mynstri, þar til átökin enda með sigri hetjunnar. Athafnir persónanna stjórna með öðrum orðum af hinum kerfisbundnu formgerðarlögmálum, og hið sama má segja um notkun töfragripa, sem hetjan getur nýtt sér á leið sinni frá óreiðu til hinna happasælu endaloka. Allt er þetta hluti af táknmáli sem er ákaflega niðurnjörvað í hinn fastmótaða strúktúr ævintýrisins, og tilheyrir honum í raun. Ævintýrin eru þannig heimur minna og tákna sem ávallt tilheyra ákveðnum hlutverkum sem sjálf mynda svo byggingareiningar hinnar kerfisbundnu grunnformgerðar.

<sup>7</sup> Um nýrri kenningar í frásagnarfræði, sjá til dæmis Barbara Dancygier, *The Language of Stories. A Cognitive Approach*, New York: Cambridge University Press, 2012, bls. 6–8. Um nýlegar hugmyndir um ævintýri sem tjáningarform, sjá til dæmis Jack Zipes, *The Irresistible Fairy Tale. The Cultural and Social History of a Genre*, Princeton og Oxford: Princeton University Press, 2012, bls. 1–20. Sjá ítarlegri umfjöllun um frásagnarlíkanið sem byggingareiningu íslenskra miðaldasagna í Aðalheiður Guðmundsdóttir, „The Other World in the Fornaldarsögur and in Folklore“, *Folklore in Old Norse — Old Norse in Folklore*, Nordistica Tartuensia 20, ritstjórar Daniel Sävborg og Karen Bek-Pedersen, Tartu: University of Tartu Press, 2014, bls. 14–40, hér bls. 29–31.

<sup>8</sup> Vladimir Propp, *Morphology of the Folktale*, Austin: University of Texas Press, 1968, bls. 79–83; sbr. Eigil Nyborg, *Den indre linie i H.C. Andersens eventyr*, København: Gyldendal. [2. útg.], 1983, bls. 14; Mario Jacoby, „C. G. Jung's View of Fairy Tale Interpretation“, *Witches, Ogres, and the Devil's Daughter. Encounters with Evil in Fairy Tales*, ritstjórar Mario Jacoby, Verena Kast og Ingrid Riedel, Boston & London: Shambhala, 1992, bls. 3–15, hér bls. 4; Linda Dégh, „Folk Narrative“, *Folklore and Folklife*, ritstjóri Richard M. Dorson, Chicago og London: The University of Chicago Press, 1972, bls. 53–83, hér bls. 64.


Þar sem persónur ævintýra eru karakterlausar og fyrirfram skilyrtar af hlutverki sínu, eru það í raun ekki þær sem heilla okkur, heldur sú formgerð sem þær tilheyrar; og þar með það formgerðarmynstur sem við höfum þörf fyrir að heyra aftur og aftur. Formgerðin, sem talar til okkar með færslum sínum frá upphafi til endis, veldur því svo að ævintýrin höfða til okkar með vitsmunalegum hætti. Ástæða þess hversu sterkt þessi tiltekna formgerð höfðar til okkar er að sumra mati sú að hún sé sammannleg, og jafnvel líffræðileg, sbr. kenningar mannfræðingsins Claude Lévi-Strauss, sem rannsakaði formgerð frásagna út frá sjónarhóli goðsögunnar og varpaði fram þeirri spurningu hvort maðurinn hefði fundið goðsöguna upp, það er að segja formgerð hennar, eða hvort goðsagan byggi í manninum, með öðrum orðum hvort hin einfalda formgerð geti verið af sama meiði og formgerð tungumálsins.<sup>9</sup> Það sem þetta snýst um í raun er sú hugmynd að grunnformgerð frásagna, líkt og formgerð tungumálsins, heyrir til líffræðilegrar starfsemi heilans, ekki ólíkt því sem haldið er fram í kenningum málfræðinga á borð við Noam Chomsky og fleiri fræðimanna sem stunda svokölluð vitsmunavísindi (sbr. hugfræði, e. *cognitive science*).<sup>10</sup> Til samanburðar mætti þó

<sup>9</sup> Sbr. „I therefore claim to show, not how men think in myths, but how myths operate in men's mind without their being aware of the fact“, Claude Lévi-Strauss, *The Raw and the Cooked*, þýðendur John og Doreen Weightman, New York: Harper & Row, 1969, bls. 12. Lévi-Strauss taldi goðsöguna í eðli sínu tungumál, sbr. „myth is language“, og að frásagnarmynstur hennar væri tímalaust, sbr. Claude Lévi-Strauss, *Structural Anthropology*, þýðendur Claire Jacobson og Brooke Grundfest Schoepf, New York: Anchor Books, 1967, bls. 205. Á hinn bóginn hunsar hann aðgreiningu goðsagna og ævintýra og ber rannsókn sína saman við rannsókn Propps á formgerð ævintýra til að finna sameiginlega túlkun fyrir báðar greinarnar. Nánari umfjöllun um þetta, ásamt gagnrýni, sjá Bengt Holbek, *Interpretation of Fairy Tales*, bls. 35–36 og 346–348. Gott yfirlit yfir kenningar Lévi-Strauss er að finna í grein Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur, „Að skilja heiminn og sjálfan sig í heiminum. Mannfræðingurinn Claude Lévi-Strauss“, *Skírnir* vor/2012, bls. 125–145, hér einkum bls. 134–136; sjá enn fremur Kristín Unnsteinsdóttir, „Frummót, formgerð og fiðrildi. Að lesa ævintýri og goðsagnir með hliðsjón af kenningum Jungs, Lévi-Strauss og Greimas“, *Úr manna minnum. Greinar um íslenskar þjóðsögur*, ritstjórar Baldur Hafstað og Haraldur Bessason, Reykjavík: Heimskringla, 2002, bls. 313–324, hér bls. 314–317.

<sup>10</sup> Noam Chomsky, *The Essential Chomsky*, ritstjóri Anthony Arnone, New York - London: The New Press, 2008, bls. 347–367. Chomsky gerir ekki einungis ráð fyrir að tungumálið heyrir til starfsemi heilans, heldur talar hann beinlínis um máleiginleikann sem „tungumálslíffæri“, og segir: „It could be, then, that the recursive computational system of the language organ is fixed and determinate, an expression of the genes, along with the basic structure of possible lexical items“ (sama heimild, 366). Samkvæmt fyrirlestri sem Chomsky hélt við Háskóla Íslands þann 21. september 2011, telur hann málfræðina, eða hæfileika manna til að tjá sig með tungumáli, hafa orðið til með stökkbreytingu, sem styrkir þær hugmyndir hans og annarra fræðimanna að hugsanakerfi tungumálsins hljóti að vera líffræðilegt, sbr. Eiríkur Rögnvaldsson, „Í kennslustund hjá Chomsky“,

einnig benda á hugmyndir Richards Dawkins um það sem hann kallar „meme“ (mím) og eru menningarbundin stef í samskiptum fólks.<sup>11</sup>

Sé litið svo á grunnformgerð „frásagnargáfunnar“ að hún tilheyri hugsana-kerfi okkar eða einhvers konar málfræði sagnasköpunar, og sé með öðrum orðum hluti af okkur sjálfum, mætti beinlínis segja að hún væri, líkt og tungumálið, tjáningarleið sem gerir okkur fært að komast af. Við höfum með öðrum orðum þörf fyrir framvindu hins rökrétta ferhyrnings (fyrir færsluna jafnvægi > jafnvægi raskað > ójafnvægi > ójafnvægi upprætt > jafnvægi), það er, þá spennu sem hún skapar þegar færslan frá jafnvægi til ójafnvægis hefur átt sér stað og þá sálrænu lausn sem hún veitir okkur þegar jafnvægi kemst á aftur.



Formgerðin gegnir með öðrum orðum ákveðnum tilgangi í lífi okkar og spyrja má hvort frásögnin sem slík — sá eiginleiki okkar að segja sögur og lesa eða hlýða á sögur — sé ein af frumhvötum mannsins?<sup>12</sup> Og þar sem formgerðin felur í sér ákveðinn stöðugleika, mætti einnig spyrja hvort hún geti, með einhverjum hætti, stuðlað að andlegum stöðuleika okkar, eða andlegu heilbrigði?

*Hugrás, vefrit Hugvísindasviðs*, 2011, sótt 11. mars 2025 af <http://www.hugras.is/2011/09/i-kennslustund-hja-chomsky/>. Þótt Chomsky telji að tungumálið byggist á tilteknum einingum, eru kenningar hans að sumu leyti frábrugðnar kenningum formgerðarsinna, enda telur hann engin takmörk vera á því hvernig menn geti nýtt sér einingarnar.

<sup>11</sup> Þær einingar sem um ræðir (stef) eru í senn arfgengar og menningarbundnar og í raun eru þær eins konar menningarleg hliðstæða við gen. Tilvist slíkra stefja leiðir af sér menningarbundið hegðunarmynstur. Sjá Richard Dawkins, *The Selfish Gene*, Oxford: Oxford University Press, 1976.

<sup>12</sup> Ýmsir fræðimenn hafa bent á þá grundvallarþörf sem maðurinn hefur fyrir sögur, til dæmis í þeim tilgangi að deila með sér upplýsingum, eða með öðrum orðum að „... share information and to arrive at a social, and also linguistic, norms in the process“, Barbara Dancygier, *The Language of Stories*, bls. 17. Sjá einnig Alan Dundes, „Structuralism and Folklore“, *Folk Narrative Research. Some Papers Presented at the VI Congress of the International Society for Folk Narrative Research*, Studia Fennica 20, ritstjórar Juha Pentikainen og Tuula Juurikka, Helsinki: Suomalaisen Kirjallisuuden Seura, 1976, bls. 75–93, hér bls. 85.

Í framhaldi af kenningum frásagnarfræðinga í víðara samhengi má einnig spyrja hver merking grundvallarstrúktúr ævintýra sé og með hvaða hætti hann virki á áheyrendur? Við vitum fyrir víst að hin fastmótaða formgerð mótar ákveðnar væntingar hjá áheyrendum, auk þess sem hún hefur afgerandi áhrif á skilning þeirra á efninu.<sup>13</sup> Efnislega lýsa ævintýri þroskaferli einstakra hetja, en í sálfræðilegum skilningi takast þau á við málefni sem snúa að sálarlífi fólks, tilfinningum, siðferðislegum gildum og réttri breytni; málefnum sem ekki var tekist á við á öðrum vettvangi með sama hætti.<sup>14</sup> Samkvæmt þeim sálgreinendum sem hvað mest hafa rannsakað og unnið með ævintýri samsamar fólk hugsanir sínar og vandamál við ævintýrin ómeðvitað; með því að fylgja hetjunni í gegnum þrengingar hennar tekst það á við eigin vandamál. Þessi samsömun, þar sem áheyrendur fylgja hetjunni eftir á leið hennar í gegnum hina fyrirsjáanlegu formgerð, leiðir svo til þess að ævintýrin geta örvað hlustendur til sjálfstæðrar hugsunar, og hjálpað þeim að finna sínar eigin lausnir.<sup>15</sup> Það merkilega við ævintýrin er nefnilega, að þau fela alltaf í sér lausn, til dæmis þar sem skúrkinum er refsað á meðan hetjan stendur uppi sem sigurvegari með því að giftast inn í kóngafjölskyldu eða hljóta annars konar upphæfð. Líklega er það þessi hluti formgerðarinnar — hinn góði endir — sem er, eða getur verið, okkur hvað mikilvægastur, það er að vita af hinni farsælu lausn, sem svarar til okkar eigin vandamála, og að hafa þessa stöðugu fullvissu um að heimurinn verði heill, hvað svo sem á dynur. Þessi þekking okkar á formgerðinni og fullvissa okkar um góðan endi er því í raun lífsspeki sem ævintýrin hafa miðlað mannkyninu í gegnum aldirnar. Af þessu má draga þá ályktun að formgerðin geti stuðlað að andlegri heilsu

<sup>13</sup> Sbr. til dæmis frásagnarlögmál Axels Orlíks varðandi upphaf og endi, endurtekningu, notkun þrítölu o.fl. í Axel Orlík, „Epic Laws of Folk Narrative“, bls. 131–140.

<sup>14</sup> Ljóst er að táknsögur á borð við ævintýri hafa lengi þjónað því hlutverki að viðhalda æskilegu hegðunarmynstri þar sem áheyrendur laga sig að þeim samfélagslegu gildum sem ævintýrið segir frá og ber vott um. Að auki hafa ævintýrin verið tilvalinn miðill til að flytja fróðleik milli kynslóða sem annað hvort þótti ekki til síðs að tala um berum orðum eða erfitt var að koma að, svo sem varðandi kynjahlutverk, sbr. Bengt Holbek, *Interpretation of Fairy Tales*, bls. 280. Sjá einnig umræðu í Jack Zipes, *The Irresistible Fairy Tale*, bls. 1–20; Jack Zipes, *Fairy Tales and the Art of Subversion. The Classical Genre for Children and the Process of Civilization*, New York: Routledge, 1988.

<sup>15</sup> Sálgreinendur hafa lengi talið að ævintýri örví ímyndunarafl barna (og fullorðinna) og rannsóknir þeirra benda til þess að þau orki sem tengiliður meðvitundar og dulvitundar og hjálpi okkur að vinna úr þeim flækjum sem annars sitja óleystar í undirmeðvitundinni. Sjá til dæmis Kristín Unnsteinsdóttir, „Frummót, formgerð og fiðrildi. Að lesa ævintýri og goðsagnir með hliðsjón af kenningum Jungs, Lévi-Strauss og Greimas“, bls. 321; Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Að sigra dreka. Hugleiðing um ævintýri, börn og fullorðna“, *Börn og menning* 20/2005, bls. 30–34, hér bls. 30–31.

okkar, og að ástæðan fyrir hinum góða endi ævintýrisins sé þörf okkar fyrir að lifa í heilum heimi, með sama hætti og sú þörf — og það öryggi sem við leitumst eftir — er líklega ástæðan fyrir hinum góða endi, sem og þörf okkar fyrir að leiðrétta ástandið þegar jafnvæginu er raskað. Ævintýrin eru með öðrum orðum birtingarmynd þeirrar grundvallarformgerðar sem er manninum eðlislæg. Vera má að þau séu — og hafi lengi verið — álitin uppspuni, en þau eru þó engu að síður mikilvæg vegna þess að virkni þeirra er háð raunveruleika mannsins, eða — eins og Mario Jacoby segir í grein sinni um jungískar túlkanir ævintýra: „... þau segja með einhverjum hætti til um leyndardóm þess að vera mennskur“.<sup>16</sup>

Eitt af því sem einkennir formgerð ævintýra er að hún leiðir óhjákvæmilega til þroska hetjunnar — og eitthvað hlýtur áheyrandinn jú að læra af því; þroskaferillinn er þar af leiðandi sameiginlegur söguhetju og áheyranda.<sup>17</sup> Hins vegar er mikilvægt að hafa í huga að þroski einskorðast hvorki við börn né unglinga, heldur er fólk að taka út þroska alla ævi, og flestir eru reyndar sammála um að fyrr á öldum hafi ævintýrin ekki síður — og jafnvel enn frekar — átt brýnt erindi til fullorðinna.<sup>18</sup> Það var ekki fyrr en á seinni hluta 19. aldar og jafnvel sums staðar ekki fyrr en á 20. öld sem ævintýrin tóku að færast inn í barnaherbergin, en þangað til höfðu þau verið sögð öllum aldurshópum, hvort sem var á rökkururstund, kvöldvökum eða við önnur tækifæri. Allir gátu haft gaman af og dregið sinn lærdóm af því sem sagnapulurinn — sá sem sagði ævintýrin — miðlaði þeim. Ævintýri höfðu þannig í eðli sínu til allra aldurshópa, enda annað óhugsandi, sé lítið svo á að formgerð þeirra heyri til hugsanakerfis okkar. Það er því vænlegast, í fræðilegri umræðu um ævintýri, að draga ekki of skörp skil á milli barna og fullorðinna. Auk þess erum við í vissum skilningi öll að hluta til börn; við tölum um „barnið í okkur“ og eigum þá líklega við að sem fullorðnir einstaklingar hér og nú getum við ekki slitið okkur úr samhengi við fyrri lífskeið og reynslu. Æskan er stór hluti af lífi okkar og þar með hluti af okkur sjálfum.<sup>19</sup>

Líkt og ævintýri geta höfðað til fólks á hvaða aldri sem er, höfðu þau til fólks hvaðanæva að — og eru þannig óháð tíma og rúmi. Íslensku ævintýrin eru því

<sup>16</sup> „... they have something to say about the mystery of being human“, Mario Jacoby, „C. G. Jung's View of Fairy Tale Interpretation“, bls. 8.

<sup>17</sup> Nánar um þetta, sjá Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Bókmenntir í blárri móðu“, *Ritið* 1/2023, bls. 7–36, hér bls. 12–13.

<sup>18</sup> Steven Swann Jones, sem hefur rannsakað ævintýri með tilliti til boðskapar, telur að meiri hluti þeirra taki vissulega mið af börnum, en að stór hluti þeirra endurspegli þó líf fullorðinna, sbr. Steven Swann Jones, *The Fairy Tale. The Magic Mirror of Imagination*, New York: Twayne Publishers, 1995, bls. 19–31.

<sup>19</sup> Sjá nánari umfjöllun um þetta í Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Að sigra dreka: Hugleiðing um ævintýri, börn og fullorðna“, bls. 32–33.

hluti af fjölþjóðlegum menningararfi, enda bera þau mörg hver sterkt svipmót af ævintýrum annarra Evrópuþjóða — ekki síst norrænum ævintýrum og gelískum.<sup>20</sup> Yfirleitt er talið að þau tilheyri stofni indó-evrópskra ævintýra, þótt flest ævintýri séu í grunninn alþjóðleg. Í því skyni að varpa ljósi á skyldleika ævintýra hvaðanæva að hafa þau verið greind niður í svokallaðar gerðir, eða ævintýra-gerðir, þar sem hver gerð hefur sitt eigið númer. Hver ævintýragerð getur svo hafa varðveist í ýmsum tilbrigðum meðal mismunandi þjóða, og þá er það ávallt fastmótaður kjarni sem er sameiginlegur hverri gerð, á meðan yfirborðsmyndin er breytileg, og litast af stað- og tímabundnum einkennum þess umhverfis sem sagan er sögð í hverju sinni, auk þess sem hún getur litast af einstaklingsbundnum breytingum.<sup>21</sup> Íslensk ævintýri geta með öðrum orðum verið fjölþjóðleg eða jafnvel alþjóðleg að stofni til, þótt þau hafi svo með tímanum litast af landi og þjóð og fengið á sig séríslenskt yfirbragð, líkt og víða kemur fram í gerðaskrá íslenskra ævintýra sem Einar Ól. Sveinsson tók saman árið 1929.<sup>22</sup> Við skulum því líta nánar á það með hvaða hætti efniviðurinn mótaðist á Íslandi og hvað það er sem gerir íslensk ævintýri sérstök.

### *Íslensk ævintýri*

Þótt einungis hluti íslenskra ævintýra samsvari efni annarra þjóða fela þau í sér öll helstu einkenni ævintýra úr munnlegri geymd.<sup>23</sup> Eins og ævintýri nágrannaþjóða okkar segja þau flest hver af kóngi og drottningu, karli og kerlingu og börnum

<sup>20</sup> Einar Ól. Sveinsson, *Um íslenskar þjóðsögur*, Reykjavík: Sjóður Margrétar Lehmann-Filhés, 1940, bls. 229–239; Einar Ól. Sveinsson, „Celtic Elements in Icelandic Tradition“, *Béaloideas* 25/1957, bls. 3–24.

<sup>21</sup> Antti Aarne og Stith Thompson, *The Types of the Folktale*; Hans-Jörg Uther, *The Types of International Folktales*. Um mismunandi ástæður fyrir breytingum á munnmælasögum, þar með taldar einstaklingsbundnar breytingar, sjá Lauri Honko, „Thick Corpus and Organic Variation: an Introduction“, *Thick Corpus, Organic Variation and Textuality in Oral Tradition*, ritstjóri Lauri Honko, Helsinki: Finnish Literature Society, 2000, bls. 3–28.

<sup>22</sup> Einar Ól. Sveinsson, *Verzeichnis isländischer Märchenvarianten*. Að auki hefur verið tekin saman skrá yfir prentuð ævintýri, sbr. Aðalheiður Guðmundsdóttir, ritstjóri, *Ævintýragrunnur*: <https://www.ismus.is/tjodfraedi/aevintyri/> [skoðað 11. mars 2025]

<sup>23</sup> Samkvæmt Adeline Rittershaus, sem birti rannsóknir sínar á íslenskum ævintýrum árið 1902, samsvara um það bil tveir þriðju hlutar íslenskra ævintýra efni frá öðrum þjóðum, sjá Adeline Rittershaus, *Neuisländischen Volksmärchen*, Halle a.S.: Max Niemeyer, 1902, bls. xvii. Rósa Þorsteinsdóttir hefur bent á að á Íslandi séu varðveittar samtals 92 gerðir ævintýra, sé miðað við ævintýraskrá Einars Ól. Sveinssonar og ævintýri úr segulbands-safni Stofnunar Árna Magnússonar, sem er tiltölulega lág tala miðað við skráðan fjölda ævintýragerða (sbr. AT/ATU) á alþjóðavísu, sbr. Rósa Þorsteinsdóttir, *Sagan upp á hvern mann*, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2011, bls. 129–131.

þeirra — eða konungabörnum og kotungabörnum. Þar að auki einkennast þau af inngrípi trölla og ýmiss konar kynjaskepna, og mikilli notkun töfragripa. Á það hefur verið bent að þessi samskipti manna og trölla séu reyndar það algeng, að þau megi í sjálfu sér telja til séreinkenna íslenskra ævintýra.<sup>24</sup> Á hinn bóginn ber einnig sérlega mikið á stjúpmaðrum í ævintýrum okkar og þótt stjúpúsögur séu ekki séríslenskt fyrirbæri eru íslenskar stjúpmaður að mörgu leyti sérstæðar. Margar þeirra leita eftir ástum við stjúpsemi sína, en oftast en ekki reynast þær þó vera tröll og leggja álög á stjúpbornin. Álögum þeirra má í grófum dráttum skipta í tvennt, eða álögum sem umbreyta, til dæmis manni í risa, og svo álagasendingar, sem gera þolandann friðlausan þar til ákveðinni sendiför er lokið.<sup>25</sup> Sérstæða íslenskra stjúpúsagna felst fyrst og fremst í þessari tengingu þeirra við álagaminnið, enda er iðulega talað um stjupu- og álagaminnið þar sem minnin tvö fara saman, en einnig þó í tengingu stjúpuminnisins og tröllasagna. Einar Ól. Sveinsson, einn helsti fræðimaður á sviði íslenskra ævintýra um langan tíma, segir íslensku þjóðsögunar það íslenskasta af öllu íslensku, og eru ævintýrin þar ekki undanskilin. Hann telur þau ævintýri sem hafi hvað íslenskastan brag vera kotasögunar sem lýsi yfirleitt mjög frumstæðu lífi: „Allt er hér skýrt og greinilegt og hlutrænt,“ segir hann, „margt gróft og kámuft.“ Tröllin eru „ljót og afkárleg, heimsk og trúgjörn og oft prettuð. Þau búa hér ekki nema góða bæjarleið frá kotinu ...“<sup>26</sup>

Þroskaleit unglinga, líkt og reyndar fólks á öllum aldri, er sameiginleg ævintýrum flestra þjóða, enda tilheyrir hún formgerðinni, eins og fyrr segir, og er eitt meginþema allra ævintýra, hvaðan sem þau koma. Frá þessu eru íslensk ævintýri engin undantekning, enda eiga söguhetjurnar almennt séð ekki sjö dagana sæla þegar kemur að þroskaferli unglingsáranna. Dag einn, fyrr eða síðar, munu aðstæðurnar heima í kotunum verða þeim óbærilegar, og hvort sem það er vinnuharka, misrétti, þrengsli eða einmanaleiki sem fyllir mælinn, hafa þær að minnsta kosti fengið nóg. Unglingarnir stíga því út úr kotunum, líta út og til fjalla og finna hjá sér — að því er virðist — knýjandi þörf til að takast á við ógnir umheimsins. Oft er engu líkara en að óbyggðirnar mani þá út í ævintýrleitina, þessa miklu leit sem hver og einn þarf að takast á hendur og gengur út á að finna hvað í manni býr; eigin manndóm. Úr grænum faðmi sveitarinnar leggja unglingarnir svo af stað á grýtt fjöllin og fram á hættulega sjávarhamra í leit að verðugum

<sup>24</sup> Adeline Rittershaus, *Neuisländischen Volksmärchen*, bls. xvii.

<sup>25</sup> Adalheiður Guðmundsdóttir, útg., *Úlfhams saga*, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 2001, bls. clxxiii.

<sup>26</sup> Einar Ól. Sveinsson, *Um íslenskar þjóðsögur*, bls. 228 og 311. Sjá enn fremur umræðu í Rósa Þorsteinsdóttir, *Sagan upp á hvern mann*, bls. 52–53 og 144–148.

andstæðingum sem gætu þess vegna leynst við hvert fót mál, en hafast þó oft en ekki við í dimmum og djúpum hellum. Hvað er það sem dregur íslenska unglinga inn í þessar aðstæður og hverju mæta þeir? Mannætuskessum, tröllum með misjafnan tilgang og margs konar öðru ógnandi illþýði, væntanlega, því það er einmitt hér, í undirheimum fjallanna, sem þeir standa hvað umkomulausastir andspænis ógninni. Eins litlir og ræfilslegir og þeir kunna að virðast, þá mæta þeir þessum stóru og ógnvekjandi vættum með sakleysið og gott hjarta að vopni og berjast við þær í hinni hrjóstugu og köldu náttúru.

Þótt þroskaleit í ævintýrum geti tekið sér margvíslegar myndir, er það einkum þrennt sem gefur umgjörð ævintýranna sjálfra — og þar með lýsingunni hér að framan — íslenskan brag. Þetta eru:

- 1) Áhrif íslenskra miðaldabókmennta, og þá einkum fornaldarsagna og riddarasagna, bókmennta sem reyndar eru sjálfar mjög svo markaðar af þjóðsagnaefni. Ekki verður farið nánar út í þessi áhrif hér, en þetta varðar þó mikilvæg einkenni, eins og hin tíðu samskipti manna og trölla.<sup>27</sup>
- 2) Samfélagslegir þættir, svo sem annars vegar þeir sem endurspeгла lifnaðarhætti hins íslenska sveitasamfélags, til dæmis hvernig kóngsríki líkist höfuðbóli á meðan kotið verður að garðshorni, og hins vegar þeir sem endurspeгла andlega líðan fólks.
- 3) Að lokum má nefna umhverfisþætti á borð við náttúruna, sem koma annars vegar fram í árstíðunum og þar með veðurfarinu, og þá sérstaklega hinum langa vetri, og hins vegar landslaginu. Þótt það sé ekki algilt hafa mörg ævintýranna tekið svipmót af hinu fjölbreytta og oft á tíðum svipmikla íslenska landslagi. Í stað skóga og grænna engja höfum við fært söguviðið yfir á fjöll, háa hóla, sjávarhamra og jafnvel inn í hella, enda eru vættirnar okkar gróteskar eftir því, líkt og tröllin og annars konar náttúruvættir.

Að mörgu leyti eru þessi einkenni sambærileg staðbundnum einkennum annars konar íslensks þjóðfræðafnis og eins og þar er ekki allt sem sýnist.<sup>28</sup> Það er til

<sup>27</sup> Sjá sérstaklega um tröll fornaldarsagna í Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Tröllasögur: fjögur þemu“, *Good Thoughts on Folklore*, væntanlegt. Um ævintýraefni í íslenskum miðaldabókmenntum, sjá Romina Werth, *A Different Story. The Fairy Tale in Old Norse Literature*, óprentuð doktorsritgerð við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands, 2023.

<sup>28</sup> Um einkenni íslenskra þjóðlaga sagði tónskáldið Jón Leifs til að mynda: „Eðlilega hefir andi íslenskra þjóðlaga mótast af náttúru landsins og hörmungum þeim, sem á þjóðinni dundu. Djúpa alvöru flytja lögin og hrikaleik og harðneskju meiri en nokkur önnur þjóðlög. Þar er oft sem bitið sé á jaxl og tönnum gníst gegn örlögunum. Gleðskapar verður einnig vart, en þá lendir oft í harðgerum (groteskum) gáska og köldum hlátri. Ríkir þar

dæmis merkilegt að hinar ófríðu og þunglamalegu vættir ævintýranna reynast oftast en ekki vera andstæða þess sem útlitið gefur til kynna. Öfugt við undurfagrar stjúpurnar, sem reynast svo flestar hverjar vera flagð undir fögru skinni, eru óvættirnar upp til hópa fallett og vel innrætt fólk inn við beinið: Þetta er fólk í álögum — og þar komum við að mikilvægum þætti, og einu sérstæðasta einkennum íslenskra ævintýra; álögum.

Þótt álög finnist í ævintýrum flestra þjóða, eru þau líklega hvergi í sama hlutfalli og á Íslandi. Um þetta segir Einar Ól. Sveinsson:

Dýr og fuglar koma oft fyrir í ævintýrum, tala eða vinna verk, sem mannsvit þarf til; þetta skýra Íslendingar svo fyrir sér, að það séu menn í álögum. Þegar rætt er um ástir milli manna og trölla eða annara óvætta, eru þeir líka menn í álögum. Þannig leysti þetta minni úr margvíslegum vanda, hvort heldur við innlendar forntrúarsögur eða útlendar furðusögur var að eiga, og hyggt ég álög miklu algengari í ævintýrum Íslendinga en annara þjóða.<sup>29</sup>

Íslendingar breyttu með öðrum orðum þeim ævintýrum sem til landsins bárust og bættu inn í þau álögum, oftast en ekki í tengslum við stjúpuminnið, svo að úr urðu stjupu- og álagasögur; sögur sem skipað er í sérstakan flokk í safni Jóns Árnasonar. Eins og Einar Ólafur sagði höfðu þessar miklu vinsældir álagaminnisins djúptæk áhrif á íslensk ævintýri, og ekki er óhugsandi að vinsældir stjúpunnar sé bein afleiðing þessa, enda kalla álög óneitanlega á álagavald, eða einhvern sem kallar þau yfir.<sup>30</sup> Í orðinu álög felst að eitthvað er lagt á einhvern og þar af leiðandi hlýtur það að „liggja á“ viðkomandi upp frá því — að minnsta kosti þangað til því hefur verið aflétt. Í íslenskum sögum orka álögin oftast en ekki sem eins konar dáleiðsla á þolandann og leggjast á sál hans, hann er eins og knúinn áfram, og verður nánast eins og svefngengill. Þótt álög geti verið af ýmsum toga má finna allsérstök dæmi frá síðmiðöldum, þar sem óeirð, sorg og ógæfa er beinlínis lögð á fólk, sem eins konar andleg höft, og í ævintýrum fram eftir öldum er söguhetjum breytt í tröll sem dvelja þá í þeirri mynd í helli, þar til einhverjum

ramíslenzkur andi og sá norrænasti“, Jón Leifs, „Íslenzkt tónlistareðli“, *Skírnir* 1/1922, bls. 130–143 hér bls. 140.

<sup>29</sup> Einar Ól. Sveinsson, *Um íslenzkar þjóðsögur*, bls. 238.

<sup>30</sup> Einar Ól. Sveinsson, *Um íslenzkar þjóðsögur*, bls. 239. Um huglæg álög sérstaklega og grundvöll þeirra í mannlegum samskiptum, sjá Adalheiður Guðmundsdóttir, „Enchantment and Anger in Medieval Icelandic Literature and Later Folklore“, *Fictional Practice. Magic, Narration and the Power of Imagination*, ritstjórar Otto Bernd-Christian og Dirk Johannsen, Leiden: Brill, 2021, bls. 69–91.

tekst að frelsa þær.<sup>31</sup> Í munnmælaævintýrum síðari alda má að auki finna dæmi um álög sem kveða á um að stúlkur geti ekki grátið, geti ekki talað, skuli eignast barn utan hjónabands, megi ekki bregðast við þótt börn séu tekin af þeim, verði hrokafullar, verði að kerlingu, verði ósýnilegar að hluta eða skuli fastar í prísund í helli trölls. Á karlkyns söguhetjur er meðal annars lagt að þeir verði sjúklingar, lúsugir og friðlausir þar til þeir finni ákveðna stúlku. Á bæði stelpur og stráka eru lögð álög sem kveða á um að þau verði ófríð og óaðlaðandi, breytist í dýr eða skrímsli og skuli drepa annað fólk. Stundum kemur fyrir að lögð eru fleiri en ein álög á sömu söguhetjuna. Sem dæmi um ævintýrahetju sem er þjökuð af tvennum álögum er Jóhanna úr samnefndri sögu, sem þarf ekki einungis að hvíla hjá skrímsli, heldur er einnig lögð á hana „önnur árans ógæfa“.<sup>32</sup>

Vegna þess hve ríkjandi þema álögin eru innan íslenskra ævintýra, mætti ætla að þau hafi höfðað sérstaklega til fólks, því að annars hefðu þau varla náð slíkum vinsældum sem raun ber vitni. En hvers vegna? Gæti verið að Íslendingar hafi einfaldlega átt það til að upplifa sig líkt og í álögum; að á dimmum vetrum hafi þeir látið sig dreyma um að einhver kæmi til að frelsa þá úr álögum; frá skammdeginu, kuldinum og myrkinu? Getur verið að álögin séu táknmynd fyrir liðan fólks sem býr við hörð lífsskilyrði; tjáð með þessum tákn sögum sem höfðuðu til þeirra umfram annars konar ævintýri? Tókust íslenskir unglingar kannski eftir allt saman ekki á við tröll í undirheimum fjallanna, heldur í undirheimum hugans?

Þótt stórt sé spurt eru spurningar sem þessar í anda rannsókna þeirra fræðimanna sem hafa skoðað ævintýri út frá félagsögulegu sjónarhorni, og telja að þau geti endurspeglad raunverulegar aðstæður fólks frá fyrri tíð. Jack Zipes er til að mynda einn þeirra sem hefur skoðað ævintýri í þessu ljósi og telur að þau endurvarpi meðal annars þjóðfélagsskipan og stéttavitund fólks.<sup>33</sup> Í rannsóknum af þessu tagi eru ævintýri þó yfirleitt skoðuð sem hluti af alþýðumenningu með áherslu á kjör lægstu stéttanna, og þá einkum þeirra fátækustu.<sup>34</sup> Sjónarhorn fræðimanna getur þannig verið breytilegt, og í þeirri rannsókn sem hér er gerð er ekki

<sup>31</sup> Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Enchantment and Anger in Medieval Icelandic Literature and Later Folklore“, bls. 77, 81.

<sup>32</sup> Dæmi um öll þessi álög má einfaldlega finna með því að setja viðeigandi leitarorð (t.d. „álög“) inn í Ævintýragrunninn, sem er gagnagrunnur yfir öll útgefin íslensk ævintýri, sbr. Aðalheiður Guðmundsdóttir, ritstjóri, Ævintýragrunnur: <https://www.ismus.is/tjod-fraedi/aevintyri/>. Ævintýrið um Jóhönnu er að finna í Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, bls. V 91–99.

<sup>33</sup> Jack Zipes, *Fairy tales and the art of subversion*, bls. 1–12. Sjá einnig Sato Apo, *The Narrative World of Finnish Fairy Tales*, Helsinki: Academia Scientiarum Fennica, 1995, bls. 206–224.

<sup>34</sup> Sbr. til dæmis Rósa Þorsteinsdóttir, *Sagan upp á hvern mann*, bls. 151–152.

leitað eftir vísbendingum um félagslega afkomu tiltekinna stétta, þeirra lægst settu, heldur er gengið út frá því að ævintýrin endurspegli sameiginlega reynslu fólks og andlega líðan, sem getur vissulega verið óháð stétt og stöðu. Sameiginleg reynsla Íslendinga hefur eflaust verið fjölbreytt, en eitt af því sem allir Íslendingar fyrir alda þurftu að takast á við var veturinn, og undan því komst enginn.

### *Dimmt er þar sem dagur er enginn*

Ísland heyrir til norðurslóða og liggur á milli 63° og 66° breiddargráðu norð-lægrar breiddar. Í einu af erkirittum íslenskrar sögu, Landnámabók, kemur fram að dagur sé ekki endilega bjartur og nóttin dimm: „þat er víða á landinu, er sól skínn um nætr, þá er dagr er sem lengstr, en þat er víða um daga, er sól sér eigi, þá er nótt er sem lengst“.<sup>35</sup> Ísland er þannig land hinna miklu andstæðna; það er land hinna löngu, dimmu vetra og stuttu, en að sumra mati, allt of björtu sumra. Að sjálfsögðu eru Íslendingar þó ekki einir jarðarbúa um að lifa á norðlægum slóðum; það hafa ýmsar aðrar þjóðir gert um aldir, og allar hafa þær tekist á við og aðlagast magni birtu og myrkurs með sínum hætti.

Glíma íbúa á norðurslóðum við náttúruna hefur löngum þótt forvitnileg, og þegar á 18. öld leituðust fræðimenn við að útskýra líkamlegt heilbrigði og geðslag fólks á norðurslóðum út frá búsetu þess. Frakkinn Charles-Louis de Secondat, sem var barón af La Brède og de Montesquieu, og hefur vanalega gengið undir nafninu Montesquieu, var einn þeirra upplýsingarmanna sem leituðu skýringa á mismunandi hegðun fólks eftir búsetu, og taldi að miða ætti lög í hverju landi við hið náttúrulega eðlis- og lundarfar þjóða. Í bók sinni *De l'esprit des lois* (Andi laganna) frá 1748 telur hann fólk á norðurslóðum vera kraftmikið, hugrakkt, hreinskilið og finna nokkuð til sín, en á móti sé það ónæmara en aðrir fyrir tilfinningum og þar af leiðandi sé dýpra á ánægju þess og eiginleikum til að njóta ástarinnar.<sup>36</sup> Athuganir hans miðuðust þó einungis við áhrif hins kalda loftslags á starfsemi líkamans, og þar af leiðandi ekki við birtumagn og myrkur.

Um það bil öld síðar, eða á 19. öld, fóru menn að veita myrkrinu meiri athygli en áður, og jafnvel að stunda vettvangsrannsóknir. Á þessum tíma fór til dæmis sögum af leiðangursmönnum sem urðu veðurteptir á norðurslóðum með slæmum afleiðingum fyrir geðheilsuna.<sup>37</sup> Á sama tíma tóku vísindamenn sig

<sup>35</sup> *Íslendingabók. Landnámabók*, útgefandi Jakob Benediktsson, Íslensk fornrit I, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1986, bls. 31.

<sup>36</sup> Charles de Secondat, Baron de Montesquieu, *The Spirit of the Laws* I–II, þýðandi Thomas Nugent, New York: Hafner Press, 1949, bls. 221–224.

<sup>37</sup> Norman E. Rosenthal, *Winter Blues. Everything You Need to Know to Beat Seasonal Affective*

til og rannsökuðu trúarbrögð Sama í Finnmörku, hinn svokallaða sjamanisma, sem einkennist af sterkri andatrú og þar með trú á inngríp anda í daglegt líf fólks. Í rannsókninni leituðust menn þó einkum við að skoða athafnir hinna svokölluðu töfrækna og meint ferðalög þeirra inn í andaheiminn út frá búsetu og birtumagni til að sjá hvort finna mætti samsvörun milli þessara trúarhefða annars vegar og birtumagns og búsetu hins vegar. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú „að andatrú [þeirra] væri ekki annað en sveiflur á milli sefasýkikasta (leiðslna) og algerrar örmögnunar (dá)“.<sup>38</sup> Talið var að frumbyggjar á norðurheimskautssvæðunum væru til dæmis mjög viðkvæmir tilfinningalega séð, taugaveiklaðir og uppstökkir. Þetta geðslag þeirra var síðan talið setja mark sitt á trúarhugmyndir þeirra og þar af leiðandi var andatrúin túlkuð sem fylgifiskur eða afleidd af því sem kalla má norðurheimskautssefasýki og skammdegisþunglyndi.<sup>39</sup> Hinar norðlægu trúarathafnir áttu með öðrum orðum rætur að rekja til einhvers konar norðlægrar geðveiki, sem sjálf var svo rakin til myrkursins. Þótt Finnmörk liggi vissulega enn norðar en Ísland sýnir rannsóknin hversu mönnum hefur þótt edlilegt að spyrða saman þunglyndi og myrkur.

Á 20. öld var það geðslag Íslendinga sem var undir smásjánni og var þá lesið í það út fá miðaldabókmenntum í samhengi við náttúruleg lífsskilyrði eyjaskeggja. Í formála að endursögn sinni á Brennu-Njáls sögu taldi Henry Treece að Íslendingasögurnar einkenndust af fjölskyldudeilum sem blossuðu upp við minnsta tilefni og hefndaraðgerðum sem leiddu til fyrirsáturs, lagadeilna og blóðsúthellinga sem hvergi sá fyrir endann á. Þetta vildi hann svo tengja því að Íslendingar hafi verið harðgert fólk sem lifði við hörð veðurskilyrði í erfiðu landslagi þar sem það nærðist á einhæfu mataræði. Harðneskja og deilugirni einkenndu því íbúa þessarar norðlægu eyjar, ásamt óttablandinni hræðslu við drauma og fyrirboða. Af þeim sökum væri ekki hægt að búast við af þeim þeirri nærgætni og næmni sem einkenndi fólk á suðlægari slóðum. Um tengsl þessa geðslags við legu landsins segir hann: „Íslendingar voru harðgert fólk og önnunum kafið sem þvingaði fæðu út úr engjum, hæðum og sjó, sérstaklega yfir hinn stutta sumartíma áður en vetrarkuldinn og myrkrið lagðist yfir þá eins og krumla“.<sup>40</sup> Í dag falla þær

---

*Disorder*, New York - London: Guilford, 2013, bls. 290.

<sup>38</sup> Rune Blix Hagen, „Andatrú, Samagaldur og galdramál á sautjándu öld á norður-heimskautssvæðum Noregs“, *Galdramenn. Galdrar og samfélag á miðöldum*, ritsjóri Torfi H. Tulinius, Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2008, bls. 179–193 hér bls. 189.

<sup>39</sup> Rune Blix Hagen, „Andatrú, Samagaldur og galdramál á sautjándu öld á norður-heimskautssvæðum Noregs“, bls. 189.

<sup>40</sup> „Icelanders were hard and busy men, forcing the fields and the hills and the sea to give them food, especially during their short summer before winter's cold and darkness came down on them like a great hand“, Henry Treece, *The Burning of Njal retold by Henry Treece*,

rannsóknir sem beinast að samspili náttúru og andlegrar heilsu undir regnhlífar-hugtakið *psycho-geography* (sálarlandafræði). Um beitingu þessarar aðferðar á bókmenntir segir Paul Langeslag: „Þar sem bókmenntir miðla sálrænu og menningarbundnu efni með áhrifaríkum hætti, eru þær að sama skapi hentugar sem gögn fyrir greiningar í anda sálarlandafræði“. <sup>41</sup> Nú nýlega hefur Jan Alexander van Nahl tekið upp rannsóknir í þessum anda og athugað áhrif myrkurs á söguhetjur Íslendingasagnanna og í bókinni *Darkness: The Dynamics of Darkness in the North*, er myrkrið rætt frá ólíkum hliðum, ekki síst í nánnum tengslum við ljósið. <sup>42</sup>

Í fræðilegri umræðu er almennt talað um að myrkur eða skortur á sólarljósi geti leitt til þess sem er vanalega kallað skammdegisþunglyndi (sbr. árstíðabundið þunglyndi) sem getur staðið yfir frá hausti til vors, frá því að daginn tekur að stytta og þar til hann tekur að lengja á ný. Samkvæmt nýlegum kenningum í sálfræði og læknisfræði virðist skammdegisþunglyndi að vísu tengjast breiddargráðu búsetu, en hins vegar bendir ýmislegt til þess að erfðir gegni þar álíka stóru hlutverki. Flestar rannsóknir benda til aukinnar tíðni geðsveiflna að vetri til, en sveiflurnar hafa þó mælst mismiklar meðal einstakra þjóða og til að mynda frekar lágar á Íslandi, sem talið er að rekja megi til erfðapátta; hinir þunglyndu hafi annað hvort átt erfiðara með að komast af og dánartíðni þeirra þar af leiðandi verið hærri en hjá þeim sem þoldu aðstæðurnar betur, <sup>43</sup> eða þá að þeir hafi fjölgað sér hægar. <sup>44</sup> Á hinn bóginn er einnig til það sem kallað er vetrardepurð eða skammdegisdrungi og felur í sér vægari einkenni af sama meiði. En hvort sem um er að ræða skammdegisdrunga eða beinlínis skammdegisþunglyndi þá eru megineinkennin þau sömu, svo sem depurð, þreyta, orkuleysi, pirringur (minnkað þol fyrir áreiti) og aukinn svefn. „Skammdegisþunglyndi er algengara

---

New York: Criterion books, 1964, bls. 8 og 17.

<sup>41</sup> „Since literature is a potent carrier of psychological and cultural content, it is also a natural data type to subject to psycho-geographical analysis“, P. S. Langeslag, *Season in the Literatures of the Medieval North*, Cambridge: D. S. Brewer, 2015, bls. 67.

<sup>42</sup> Jan Alexander van Nahl, „Náttvíg eru morðvíg. Dunkelheit und Nacht in der Egils saga Skallagrímssonar“, *Res, Artes et Religion. Essays in Honour of Rudolf Simek*, ritstjórar Sabine Heidi Walther, Regina Jucknies, Judith Meurer-Bongardt og Jens Eike Schnall, Literature and Culture 1. Leeds: Kismet Press, 2021, bls. 461–477. Um veðurlýsingar í Íslendingasögum, sjá Bernadine McCreesh, *The Weather in the Icelandic Sagas. The Enemy Without*, Newcastle upon Tyne: Cambridge Scholars Publishing, 2018; *Darkness. The Dynamics of Darkness in the North*, ritstjórar Daniel Chartier, Katrín Anna Lund og Gunnar Thór Jóhannesson, Montreal – Reykjavík: Isberg, Imaginaire | Nord, Land- og ferðamálafræðistofa Háskóla Íslands, 2021.

<sup>43</sup> Hildur Einarisdóttir, „Orsaka skammdegisþunglyndis víðar að leita en ætlað var í upphafi“ (viðtal við Jóhann Axelsson og Högná Óskarsson), *Morgunblaðið* 11. janúar, 1998, bls. 20.

<sup>44</sup> Norman E. Rosenthal, *Winter Blues*, bls. 76.

hjá konum en körlum og algengara hjá fólki sem býr lengra frá miðbaug.<sup>45</sup> Það er því ljóst að árstíðabundnar birtubreytingar geta haft líffræðileg áhrif á heilsu fólks, en ljóst er að aðrir náttúrulegir þættir geta gert það líka, svo sem fallandi loftþrýstingur með tilheyrandi roki, rigningu og sólarleysi.<sup>46</sup>

### *Um skammdegisdrunga í sögulegu samhengi*

Ljóst er að Íslendingar hafa alla tíð þurft að búa við óblíða náttúru, og jafnvel svo að náttúruhamfarir hafa, þegar hvað verst lét, stuðlað að umtalsverðri fólksfækkun með tilheyrandi óáran og fátækt, svo ekki sé talað um þau áhrif sem slíkt hlýtur að hafa haft á sálarlíf fólks. En ofan á hörmungar af náttúrunnar hendi, sem voru þó að minnsta kosti tímabundnar, þurftu þeir einnig, og stöðugt, að búa við hina löngu vetur, og líklega hefur myrkrið — eða skortur á dagsbirtu — átt stóran þátt í að móta lífshætti fólks, lífsviðhorf þess og skaplyndi.

Íslendingar hafa alla tíð verið meðvitaðir um árstíða- og veðraskipti og mikilvægi dagsbirtunnar, enda áttu þeir allt sitt undir því að þekkja náttúruna og kunna að beisla hana, með verkunnáttu og útsjónarsemi. Að auki þurftu þeir að takast á við veturinn á andlegum vettvangi, rétt eins og fólk gerir enn þann dag í dag, og á veturna gat tíminn verið lengi að líða á Fróni, „... þar sem land og hugur eru brynjuð sama klakanum“.<sup>47</sup> Sem dæmi má nefna að árið 1602 voru vetrarhörkur svo miklar að búpeningur féll víða. Urðu þá „nokkrir menn, sem ekki gátu afborið tjónið, bugaðir af þunglyndi og lá við sturlun“.<sup>48</sup> Síðar á sömu öld lýsir sr. Jón Daðason frá Arnarbæli landinu sínu svo:

Ísland þísla tveir mótstæðir ósigrandi óvinir, eldur og ís, með sjóðheitt og sárkalt, og eru í veru aur og afstreymi allra byggðra landa, mestallt óbyggðir og eyðisandar, graslaus fjöll og gagnlausir [svo] jöklar, blásnir mosar og brunahraun, uppsprungin af ógnarlegum jarðeldi, nema lítið byggðarlag með sjósiðunni ...<sup>49</sup>

<sup>45</sup> Þórgunnur Ársælsdóttir, „Skammdegisþunglyndi“, *SÍBS blaðið* 29: 1/2013, bls. 4–5, hér bls. 4; sbr. Norman E. Rosenthal, *Winter Blues*, bls. 291.

<sup>46</sup> Páll Kristinn Pálsson, „Að lifa með skammdegisþunglyndi“ (viðtal við Sigurð Þ. Ragnarsson), *SÍBS blaðið* 29: 1/2013, bls. 12–15, hér bls. 14.

<sup>47</sup> „Vetrardagurinn er skammur undir heimskautsbaug og nóttin löng og svört“ segir skáldið Jón Ýngvi í bréfi sínu til Steinars Sigurjónssonar. Sjá Jón Ýngvi og Steinar Sigurjónsson, *Einn plús einn. Bréfaskipti Steinars Sigurjónssonar og Jóns Ýngva*, útgefandi Þorsteinn Antonsson, Reykjavík: Skrudda, 2012, bls. 70.

<sup>48</sup> Gísli Oddsson, Íslensk annálabrot, Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson, 1942, bls. 20.

<sup>49</sup> Úr riti hans Gandreið, sbr. Þorvaldur Thoroddsen, *Landfræðissaga Íslands*, Kaupman-

Þótt 17. öldin sé um margt myrkari en aðrar aldir, og alls ekki dæmigerð fyrir margra alda skeið í andlegri sögu þjóðarinnar, er sá vitnisburður sem varðveist hefur um líðan fólks og sýn þess á landið mikilvægur. En þótt það liggi í sjálfu sér í augum uppi að Íslendingar hafi alla tíð verið markaðir af náttúru landsins og veðurfari, hafa kannski fáir áttað sig betur á þessu en aðkomumenn, því að glöggst er gests augað, eins og sagt er, og hugmynd Treece, sem taldi að myrkrið legðist eins og krumla yfir landið og íbúa þess, er ekki úr lausu lofti gripin. John Stanley, sem ferðaðist um Ísland árið 1789 er einn þeirra útlendinga sem fóru hér um og veltu fyrir sér lífi og lífsskilyrðum Íslendinga. Um íslenska veturinn segir hann:

... ég vorkenni vesalings Íslendingunum, að þeir skyldu ekki geta safnast í flokka eins og svölurnar og flogið frá þessu kalda landi til hlýrra loftslags og þeirra þæginda, sem tilveran býður þar. Ég get ekki gert mér í hugarlund, hvað það ætti að vera, sem Íslendingar geta unað við og ætti skilið að kallast lífsþægindi yfir hinn langa vetur. Ég sá þá á sumardegi ganga um í sunnudagafötunum og fara hús úr húsi, bæði einhverra erinda og sér til skemmtunar, og þeir voru glaðir og ánægðir. Þeir gátu hitst [svo], masað og hlegið úti við, og það skipti þá engu þó að híbyli þeirra væru dimm, daunill og laus við öll þægindi. En ekki get ég hugsað mér að lifa í slíkum grenjum yfir veturinn, öðruvísi en sem hreina þolraun, nema unnt væri að sofa allan tímann án þess að vakna.<sup>50</sup>

Í huga Stanleys, og ef til vill fleiri þeirra manna sem sóttu landið heim, var íslenski veturinn þolraun. Þótt erfitt sé að fullyrða nokkuð um það er ekki ólíklegt að þeir sem litu landið sitt sömu augum og Jón Daðason gerði á 17. öld hafi ef til vill samsamað sig og landa sína náttúrunni, sem hafi þá reynst þeim þolraun. En jafn yfirbugað og fólk er og gæti hafa verið af völdum vetrarhörku og myrkurs, þá má spyrja, líkt og Vésteinn Ólason, hvers virði myrkrið sé: „Viljum við losna við það? Hvað verður þá um ljósið?“<sup>51</sup> Og hvernig fór myrkrið í skáldin forðum?

---

nahöfn: Hið íslenska bókmenntafjelag, 1892–1904, bls. II 95–96.

<sup>50</sup> John F. West, útg., Íslandsleiðangur Stanleys 1789. *Ferðabók*, þýðandi Steindór Steindórs-son frá Hlöðum, [Reykjavík]: Örn og Örlygur, 1979, bls. 167.

<sup>51</sup> Vésteinn Ólason, „Hugleiðing um ljós og myrkur í skáldskap 17. aldar“, *Hallgrímsstefna*, ritstjórar Margrét Eggertsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir, Reykjavík: Listvinafélag Hallgrímskirkju, 1997, bls. 45–53, hér bls. 49.

*Vor í lofti*

Yfir veturinn leitar hugurinn inn á við og á það hefur verið bent að almennt séð yrki skáld oftast um veturinn en aðrar árstíðir.<sup>52</sup> Þannig gerðu ófá íslensk skáld veturinn og myrkrið að yrkisefni sínu, og oftast en ekki lýsir skáldskapur þeirra þrá eftir betri tíð, og flest virðast þau sammála um að í kjölfar hinna löngu, dimmu daga komi, þrátt fyrir allt, aftur sumar. Séra Ólafur Jónsson á Söndum, sem var uppi á 16. öld og fram á þá sautjándu, taldi öll sín mein hverfa með hækkandi sól:

Þó vetur minn lengi vari  
og vaxandi neyð mín fari,  
samt kemur blíð  
sönn sumartíð.  
Vendast þá mín  
veiki og pín  
í veður hlýtt og sólar skin.<sup>53</sup>

Samtímamanni Ólafs, Bjarna Gissurarsyni, er tíðrætt um hinn harða vetur og vorið sem kemur að lokum. Hann veit þó — eins og bændur um allt land — að veturinn hefur ekki einungis áhrif á mannfólkið, heldur skepnurnar líka. Um þetta yrkir hann í ljóði sínu „Um góða landsins kosti“:

Léntu oss, góður lausnari minn,  
líkn og miskunn þína,  
þó vilji stríður veturinn  
vorar skepnur þína.<sup>54</sup>

Vorið var langþráð, og á löngum vetri gat minningin um vorið og þær væntingar sem þeim fylgdi haldið fólki gangandi. Sr. Magnús Einarsson frá Tjörn í Svarfaðardal var eitt þeirra skálda sem ortu um veturinn. Í Ljóðmælum sínum — enn óútgefnum — frá því um 1780 orti hann til dæmis kvæði um harðneskju hinna löngu vetra, um svanga hesta og köld kot, og kotin voru, að hans mati,

<sup>52</sup> Norman E. Rosenthal, *Winter Blues*, bls. 313–314.

<sup>53</sup> *Söngbók séra Ólafs Jónssonar á Söndum*, útgefandi Árni Heimir Ingólfsson og fleiri, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2024, bls. 186.

<sup>54</sup> Bjarni Gissurarson, *Sólarsýn. Kvæði*, útgefandi Jón M. Samsonarson, Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1960, bls. 22. Sjá enn fremur Vésteinn Ólason, „Hugleiðing um ljós og myrkur í skáldskap 17. aldar“.

ekki einungis köld líkamlega, heldur einnig andlega.<sup>55</sup>

Dæmi um sambærileg þemu í skáldskap frá 19. og 20. öld eru allmörg. Gísli Ólafsson frá Eiríksstöðum er eitt þeirra skálda sem orti um vorkomuna og í huga hans færir vorið fólkinu lækningu:

Nú er vetur farinn frá,  
frostið, ísinn, mjöllin;  
bráðum vakna blómin smá  
bæði' um dali' og fjöllin.

Hríð ei lengur hrekur svört  
hjörð um daga langa;  
því er von í brjósti hjört  
og bros á mörgum vanga.

...

Læknaðu hulin hjartasár.  
Heilsu sjúkum gefðu.  
Þá, sem fella tregatár,  
tryggum örmum vefðu.<sup>56</sup>

Án þeirrar fullvissu að upp myndi birta með vori gat verið erfitt að þreyja veturinn, og líklega hafa Íslendingar vanið sig á það snemma að fylgjast vel með veðurfari frá því að daginn tekur að lengja. „Það er engu líkara en að það sé vor í lofti,“ segja menn við fyrstu þíðu vetrar, „og hver veit nema það vori snemma þetta árið?“ Þessi átök manns og náttúru endurspeglast þó ekki einungis í skáldskap þeirra, heldur einkum og sér í lagi í þjóðfræðafninu, í þjóðkvæðum, söngum og ævintýrum. Lífsskilyrðin fyrr á öldum voru einfaldlega hluti af lífi fólksins sem skildi eftir sig arfinn, því í einangrun sveitanna var maðurinn eitt með nátt-

<sup>55</sup> Sbr. fyrirlestur Andrews Wawn, „Nú er Svanurinn nár á Tjörn“: séra Magnús Einarsson og *Njála*“, á málstofu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum þann 25. maí 2012. Sjá kvæðið *Eyyafjörður og Svarfærdalur*, Lbs. 758 8vo, bl. 335–336. Einnig er ástæða til að benda á bókina *Fimtiú og sex Tíðavísur yfir árin 1779 til 1834* eftir séra Jón Hjaltalín, þar sem veðurfar tiltekinnna ára er tíundað í löngu máli, sbr. Jón Hjaltalín, *Fimtiú og sex Tíðavísur yfir árin 1779 til 1834 orðtar af Sira Jóni Hjaltalín Söknaupresti til Breiðabólstadar og Narfeyrar safnada á Skógarströnd, Kaupmannahöfn: [s.n.], 1836.*

<sup>56</sup> Gísli Ólafsson, *Nokkrar stökur Gísla Ólafssonar frá Eiríksstöðum*, Reykjavík: Gísli Ólafsson, 1924, bls. 12.

úrunni.<sup>57</sup> Þegar þokan lagðist yfir bæina, lagðist hún einnig yfir það sem var inni í þeim, og myrkrið — sem var alsvart — smaug inn í hvert einasta skúmaskot.

Í kveðskap íslenskra skálda er brugðist við vetri og myrkri með von — og síðar vori, og af honum má sjá hversu nauðsynleg vonin er mannfólkinu í lífsbaráttunni. Með þetta í huga er ef til vill mál að líta aftur til ævintýranna sem eru, í vissum skilningi, birtingarmynd vonarinnar.

### *Myrkur í íslenskum ævintýrum*

Í íslenskum ævintýrum er veturinn sem slíkur ekki áberandi, ekki frekar en í ævintýrum annarra þjóða, og því síður myrkrið, þótt ýmis dæmi séu um að myrkur gegni hlutverki þar sem jafnvægi ævintýranna er raskað.<sup>58</sup> Í upphafi *Sögunnar af Geirlaugu og Græðara* segir til að mynda: „Þau vissu þá eigi fyrr til en allt í einu kom þytur mikill og fylgdi honum níðsvart myrkur. En þegar myrkvanum létti var vaggan [þ.e. barn konungshjónanna] horfin“.<sup>59</sup> Ófáar eru þær líka, ævintýrahetjurnar, sem lenda í myrkri og hafvillum og villast við það inn á svæði óvætta og átaka. Þá er ekki síður athyglisvert að álagavaldar ævintýranna, þeir sem leggja á annað fólk, jafnt sem þolendur álaganna, geta verið tengdir við myrkur með því að vera kenndir við dökka liti eða klæðast dökkum fötum (sbr. Svartur, Svartiboli, svartur köttur/hundur/tík (sbr. einnig hundurinn Svartur), Blákápa, Blátönn og „bláklædd kona“).<sup>60</sup> En hver er birtingarmynd vetrarins og með hvaða hætti tjáum við myrkur? Er nauðsynlegt að nota yfir það orð á borð við *myrkur*, *dökkur* eða *svartur*? Eða getum við lýst því eftir öðrum leiðum í gegnum tjáningarpörf okkar og sagnasköpun? Getur til dæmis ekki verið að myrkur í íslenskum ævintýrum sé hreinlega bundið í táknmálinu; í formgerð þeirra álaga sem fela í sér hið óeiginlega myrkur hugans?

Á Íslandi losnuðu ævintýrahetjur úr álögum, rétt eins og fólkið sem sagði sögurnar og naut þeirra braust út úr mykrinu á vorin; samkvæmt ævintýrunum beið fólk þess einfaldlega að vera frelsað og fá að njóta sín í sínu rétta eðli og við mannsæmandi aðstæður. Frelsunin er í rauninni „hin hliðin“ á álögunum, og

<sup>57</sup> Sbr. til dæmis Einar Ól. Sveinsson, *Um íslenskar þjóðsögur*, bls. 268.

<sup>58</sup> Í ævintýrum ríkir úmaleysi, sem tilheyrir í raun flatneskju þeirra og skort á dýpt. Sé getið um myrkur hefur það frásagnarfræðilegu hlutverki að gegna. Sjá til dæmis Max Lüthi, *The European Folktale. Form and Nature*, Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press, 1982, bls. 11–23.

<sup>59</sup> Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, bls. II 364.

<sup>60</sup> Sbr. orðaleit í: Aðalheiður Guðmundsdóttir, ritstjóri, *Ævintýragrunnur*: <https://www.ismus.is/tjodfraedi/aevintyri/>


eins og þjóðsagnafræðingurinn Lutz Röhrich hefur bent á höfum við öll þörf fyrir einhvern sem frelsar okkur; hvort sem hann leysir okkur undan álögum eða bjargar okkur einfaldlega úr sjálfheldu lífsins. Hann segir enn fremur:

Í víðari skilningi getur frelsun falið í sér lausn frá hvers kyns þörfum og raunum, höftum, frelsskerðingu og þjáningu. Með frelsun hopar sjálfur dauðinn og hið áþreifanlega sleppir tökunum. Hún gegnir grundvallarhlutverki innan þeirrar tvíhyggju sem einkennir þjóðfræðafni þar sem öllu því sem er neikvætt, illt, andstyggilegt, niðurdrepandi, kvikindislegt og óheilbriggt er svarað með frelsun. Frelsunin tengist því ávallt sigri þess góða yfir því illa og getur verið ígildi eins konar endurfæðingar, sem upphafið að nýju og algerlega umbreyttu lífi ...<sup>61</sup>

Samkvæmt þessu færir frelsun úr álögum okkur aftur til þess ástands sem við teljum eðlilegt, við snúum til lífsins, og í einhverjum skilningi vöknum við til lífsins. Frelsunin getur því falið í sér umsnúning á því sem Röhrich kallar „depressing“ eða niðurdrepandi, og í ljósi þess sem nú þegar hefur komið fram er ljóst að myrkrið reyndi á andlega líðan Íslendinga í gegnum aldirnar, fólks sem heillaðist af sögum um álög þar sem söguhetjunum er að jafnaði bjargað.

Í umfjölluninni hér að framan var spurt hvort hin fastmótaða formgerð ævintýra hafi, með einhverjum hætti, getað stuðlað að andlegum stöðuleika fólks, eða andlegu heilbrigði. Sé litið á myrkur sem ígildi skammdegisdrunga eða jafnvel -þunglyndis — og það síðan skoðað í ljósi hins rökrétta ferhyrnings, fáum við formgerðarmynstrið [1 birta > 2 álög > 3 myrkur > 4 frelsun > 1 birta]], sem ætla má að sé eitt helsta staðbrigði íslenskra ævintýra, sé miðað við vinsældir álagaminnisins.

<sup>61</sup> „In a broader sense redemption can mean the liberation from any kind of need and distress, from constraints, imprisonment and suffering. Redemption means the repeal of death and the liberation from the physical. It is a basic concept of the dualism of all folklore that all that is negative, sinister, wicked, depressing, mean and sick is countered by redemption. Redemption is always associated with the victory of good over evil and is often regarded as a sort of rebirth, as the beginning of a new, completely transformed life ...“, Lutz Röhrich, „*And They Are Still Living Happily Ever After*“. *Anthropology, Culutural History, and Interpretation of Fairy Tales*, Burlington, Vermont: The University of Vermont, 2008, bls. 218–220. Samkvæmt þessu geta álög í einhverjum skilningi verið sjálfsprottin, það er sprottið af þörf okkar fyrir að láta bjarga okkur.



Álögin eru hér sá þáttur sem leiðir til myrkurs og myrkrið sjálft afleiðing hans, rétt eins og frelsunin leiðir til birtu sem samsvarar upphaflegu ástandi. Sem dæmi um þetta má nefna álög sem kveða á um að söguhetjan geti hvergi unað sér þar til álögunum hefur verið aflétt. Söguhetjan er þá óvirk og í rauninni heft (í myrkri), þar til henni hefur verið bjargað (yfir í birtuna). Formgerðarmynstrið er hið sama og í stað myrkurs mætti setja inn hinar ólíku birtingarmyndir áлага sem taldar voru upp hér að framan, svo sem andleg höft af einhverju tagi. Eins og fyrr segir má líta svo á að formgerð ævintýra og hin farsælu endalok þeirra séu fólki nauðsynleg og til þess fallin að hvetja það áfram í lífsbaráttu sinni.

Það sem máli skiptir í sambandi við ævintýrin er að merking þeirra, og þar með ævintýraheimurinn allur, ræðst af ósjálfráðri túlkun okkar í gegnum formgerðina og hlutverk ævintýranna er þá fyrst og fremst þetta: Að hjálpa okkur til að takast á við verkefni lífs okkar, og þá bæði ytri öfl og innri. Samkvæmt ævintýrunum er alltaf leið út úr álögunum, og viljinn, sem var tekinn frá okkur um stund, mun snúa aftur. Með þessum hætti má líta svo á að formgerð íslenskra álagasagna hafi getað stuðlað að andlegu heilbrigði fólks, og þá fyrst og fremst með því að halda að því voninni og minna það á betri tíma. Í þessum skilningi tilheyra myrkur og birta í raun þeim heildstæða sagnaheimi sem einkennir norðrið, eins og svo ljóslega kemur fram í nýlegu greinasafni um myrkur, þar sem ritstjórnarnir Daniel Chartier, Katrín Anna Lund og Gunnar Thór Jóhannesson komast svo að orði: „... myrkur og ljós eru samtvinnuð í öflugu samspili spennu og andstæðna þar sem þau stuðla að afdráttarlausu, kraftmiklu og jafnvel siðferðislegu yfirbragði þeirra frásagna sem af þeim spretta, oft með tilhneigingu í átt að hinu algilda og óhlutstæða“.<sup>62</sup> Sögur um myrkur og birtu fjalla með öðrum orðum um merkingarbæra heild þessara tveggja andstæðu póla.

<sup>62</sup> „... darkness and light are locked in a powerful dynamic of tension and opposition, lending a stern, severe, even moral aspect to the narratives that surround it, often tending towards absolutes and abstractions“, Daniel Chartier, Katrín Anna Lund og Gunnar Thór Jóhannesson, „Introduction“, *Darkness. The Dynamics of Darkness in the North*, bls. 9–22, hér bls. 11, 13.

Þótt íslenskar álagasögur hafi nú verið lesnar sem táknmynd myrkurs og birtu, þunglyndis og lausnar eða vonar er rétt að benda á að túlkun er ekki einungis háð mismunandi tilgangi greinenda, heldur geta túlkunaraðferðir verið af misjöfnu tagi. Þar að auki getur merking ævintýra verið einstaklingsbundin, og þarf þá alls ekki að eiga við um samfélagshóp eða -stétt. Það er því rétt að hafa í huga að merking ævintýra er ávallt háð því hver það er sem les þau eða hlýðir á þau, enda hafa ævintýri stundum verið sögð spegill hugans.<sup>63</sup> Það gefur því augaleið að túlkun sem miðast við andstæðukerfi á borð við hinn rökrétta ferhyrning er einungis ein leið af mörgum færum. Á hinn bóginn dregur hún vel fram algeng gildi, og eins og fram kom í inngangi þessarar greinar eru ævintýrin ekki einungis keimlik, heldur eru þau sköpuð af hóp fremur en einstaklingi, þar sem einkenni hópsins getur af sér staðbrigði. Eins og Þjóðsagnafræðingurinn Satu Apo segir bera staðbrigðin svo vott um ríkjandi viðhorf þess samfélags sem mótaði þau: „Segja má að vonir og ógnir ævintýranna geti sagt okkur eitthvað um þau gildi sem höfðuðu til sagnaþula og áheyrenda“.<sup>64</sup> Og þar sem ævintýrin spretta þannig úr raunveruleika fólks, koma þau öllum við.

### *Lokaorð*

Í umfjölluninni hér að framan var leitast við að varpa ljósi á frásagnarfræðilegt mynstur íslenskra álagasagna og í framhaldinu var lögð áhersla á formgerð þar sem þættir á borð við dagsljós og myrkur hafa bein áhrif á frelsi fólks (sbr. andlegt heilbrigði) og höft eða vanlíðan. Hin almenna ályktun sem draga má af þessu er sú að myrkur gegni táknrænu en jafnframt veigamiklu hlutverki í íslenskum ævintýrum: ekki einungis með því að vera eitt af staðbundnum einkennum þeirra, heldur einnig vegna þess að það tilheyrir formgerð sem krefst andstæðu í formi ljóss, eða vonar. Ályktunin varpar því ekki einungis ljósi á — heldur styrkir beinlínis — hugmyndir þeirra frásagnarfræðinga sem vilja líta á formgerð sagna sem hluta af eiginleikum mannsins, og ekki verður betur séð en að hugmyndir þeirra séu enn í fullu gildi. Öll líffæri okkar og skynfæri miðast við að við komumst af, rétt eins og rökhyggja okkar og ályktunarhæfni, og að vissu

<sup>63</sup> Sjá umræðu í Bengt Holbek, *Interpretation of Fairy Tales*, bls. 214–215, 276 og 279. Um mismunandi túlkunarleiðir, sjá einnig Bengt Holbek „The Many Abodes of Fata Morgana or the Quest of Meaning in Fairy Tales“, *Journal of Folklore Research* 22/ 1985, bls. 19–28; Sato Apo, *The Narrative World of Finnish Fairy Tales*, bls. 136–150.

<sup>64</sup> „The hopes and fears expressed in fairy tales can be regarded as telling us something about the values esteemed by narrators and listeners“, Sato Apo, *The Narrative World of Finnish Fairy Tales*, bls. 160.

leyti tungumálið líka, sem tæki til tjáningar.<sup>65</sup> Með sama hætti getur sú formgerð sagna sem við höfum yfir að búa verið okkur bráðnauðsynleg. Sagnaskemmtunin á kvöldin, yfir veturinn og í skammdeginu, gat þannig auðveldað fólki að komast af og halda andlegu heilbrigði; að fá útrás fyrir drauma sína og vonir. Ævintýrin voru því ekki einungis léttvæg afþreying, líkt og svo margir gera sér þó í hugarlund, heldur voru þau þvert á móti lífsnauðsynlegar sögur; þau voru sögur sem gerðu fólki kleift að lifa af.

Rétt eins og rökkrið, sem brúar bilið á milli dags og nætur, birtu og myrkurs, gátu ævintýrin orkað sem brú yfir í hjartari tíma, enda héldu þau lífi í voninni. Þar sem ævintýrin voru ósjaldan sögð í rökkrunu voru þau stundum kölluð rökkursögur, og á sú nafngift vel við þetta hlutverk þeirra.<sup>66</sup> Rökkursögurnar — og kynjaævintýrin í þrengra samhengi — geta því endurspeglað þörf fólks fyrir ljósið og birtuna, og í sjálfu sér má líta svo á að hinar íslensku álagasögur séu í eðli sínu táknmynd vonarinnar. Sem birtingarmynd þeirrar grunnformgerðar sem heyrir til sagnasköpunar leita ævintýrin að jafnvægi, frásagnarfræðilega séð, um leið og þau leitast við að bæta liðan fólks og þannig heiminn með sínum einföldu skilaboðum: líkt og öll él birtir upp um síðir er alltaf leið til að brjótast undan álögum eða andlegum höftum, af hvaða tagi sem þau eru. Og myrkrið, sem lá eins og mara yfir fólkinu, hörfaði.

## ÚTDRÁTTUR

Í þessari grein er fjallað um tvennt sem í fljótu bragði virðist ekki eiga margt sameiginlegt; íslensk ævintýri og myrkur. Í upphafi er rætt um almenn einkenni ævintýra, en einkum þó með tilliti til frásagnarfræði og formgerðar. Að því búnu er litið á tengingu íslenskra ævintýra við staðbundna þætti á borð við náttúru og árstíðir, með áherslu á veturinn, veðurfarið, dagsbirtuna og myrkrið og mörk þeirra, ljósaskiptin eða rökkrið. Spurt er hvort veturinn sé yfir höfuð sýnilegur í íslenskum ævintýrum? Og sé svo, hver sé þá birtingarmynd hans? Í þeim tilgangi að varpa skýrara ljósi á hlutverk vetrarins — og í þrengra samhengi myrkursins — eru ævintýrin sett í samhengi við líf og lífsskilyrði

<sup>65</sup> Flestir fræðimenn virðast sammála um að tungumálið sé fyrst og fremst tæki til tjáningar, en sumir hafa þó einnig bent á þörf þess í þágu samfélagskipunar, sbr. til dæmis Jack Zipes, *The Irresistible Fairy Tale*, bls. 5–6.

<sup>66</sup> Rökkursögur tengjast hinum svokallaða rökkursvefni. Um rökkursvefn, sjá Júlíana Þóra Magnúsdóttir, *In Their Own Voices. Legend Traditions of Icelandic Women in the Late Nineteenth and Early Twentieth Centuries*, óprentuð doktorsritgerð við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild Háskóla Íslands, 2023, bls. 86–87.

Íslendinga fyrr á öldum og glímu þeirra við náttúruna, hina löngu og dimmu vetur, jafnt sem eigin tilveru. Í framhaldinu er myrkrið skoðað í táknrænu ljósi, sem og frásagnarfræðilegt hlutverk þess innan þeirrar grunnformgerðar sem ævintýrin tilheyra. Að lokum er dregin sú ályktun að myrkrið gegni lykilhlutverki í íslenskum ævintýrum; ekki einungs sé það eitt af því sem kalla megi staðbundin einkenni þeirra, heldur einnig sá þáttur sem kallar — formgerðarinnar vegna — á andstæðu sína, ljósið, eða vonina.

*Lykilorð:* ævintýri, formgerð, túlkun, myrkur, læknahugvísindi

## ABSTRACT

### **On the Burdens of Darkness and Healing Through Stories**

In this article, two seemingly unrelated topics are discussed: Icelandic fairy tales and darkness. Initially, the general characteristics of fairy tales are examined, particularly in terms of narratology and structuralism. Following this, the connection between Icelandic fairy tales and local elements such as nature and seasons is explored, with a focus on winter, weather, daylight, and darkness, including their boundaries, twilight, or dusk. The question is posed whether winter is visible in Icelandic fairy tales at all, and if so, what its representation is. To shed more light on the role of winter — and more narrowly, darkness — the fairy tales are contextualized within the lives and living conditions of Icelanders in earlier centuries and their struggle with nature, the long and dark winters, as well as their own existence. Subsequently, darkness is examined in a symbolic way, as well as its narrative role within the basic structure of the fairy tales. Finally, it is concluded that darkness plays a key role in Icelandic fairy tales; not only is it one of the local characteristics (ecotypes), but it also calls — due to the structure — for its opposite, light, or hope.

*Keywords:* fairy tales, structuralism, interpretation, darkness, medical humanities

ADALHEIDUR GUÐMUNDSDÓTTIR

Prófessor í íslenskum bókmenntum fyrri alda

Íslensku- og menningardeild

Hugvísindasviði Háskóla Íslands

adalh@hi.is